

Fræðslunefnd

FUNDUR – 17. maí 2010

Fundur haldinn í Fræðslunefnd Blönduósbæjar vegna grunnskóla, mánudaginn 17. maí 2010 kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting samkvæmt undirskriftum. Auðunn Steinn Sigurðsson formaður stjórnaði fundinum og veitti vel.

Dagskrá:

1. Skóladagatal grunnskólans 2010-2011
2. Skólastefna Blönduósbæjar
3. Starfsmannamál
4. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Þórhalla Guðbjartsdóttir skólastjóri kynnti drög að skóladagatali fyrir 2010-2011. Helstu breytingar frá síðustu árum eru að vetrarfrí er í mars en ekki að hausti eins og verið hefur. Þetta er gert vegna fyrirhugaðrar náms- og kynnisferðar starfsmanna erlendis. Óvenju fáir frídagar eru þetta árið og lýkur því skólaárinu fyrir en venjulega. Nefndin samþykkir þessi drög.
2. Skólastefna Blönduósbæjar. Vinna er hafin við gerð stefnunnar og lagt er upp með að komin verði drög að henni í byrjun júní. Stefna þessi er sameiginleg fyrir leikskóla og grunnskóla.
3. Starfsmannamál. Þórhalla fór yfir stöðu starfsmannamála hjá skólanum. Ingunn Ásgeirsdóttir hefur sótt um launalaust leyfi til 1 árs til að fara í nám. Nefndin samþykkir fyrir sitt leyti þetta leyfi. Einnig þarf að auglýsa stöðu heimilisfræði kennara.
4. Önnur mál.
 - a) Þórhalla kynnti nýjar reglur varðandi innritun nemenda í framhaldsskóla að loknu grunnskólanámi.
 - b) Rætt um samskipti skólanna á svæðinu.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 18:45.

Auðunn Steinn Sigurðsson
Heiðrún Bjarkadóttir
Árný Þóra Árnadóttir

Þórður Pálsson

Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri
Lilja Jóhanna Árnadóttir, fulltrúi starfsmanna grunnskólans
Oddný María Gunnarsdóttir, fulltrúi foreldra grunnskólans